



Reglugerð um félagaskipti keppenda

1. Keppandi getur skipt um félag hvenær sem er. Sé skipt um féлага eftir útgáfu keppnisleyfa skal greiða félagaskiptagjald skv. gjaldskrá SKÍ.
2. Keppnisrétt öðlast hann með sínu nýja félagi þegar öllum formsatriðum er fullnægt, eigi síðar en 15 dögum eftir að lögleg tilkynningu hefur borist SKÍ.
3. Tilkynna þarf félagaskipti skriflega á þar til gerðu eyðublaði til stjórnar SKÍ ásamt staðfestingu á skuldlausri stöðu við fyrra félag. Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal skíðadómsstóll SKÍ skera úr um málið.
4. Ekki þarf að tilkynna félagaskipti hafi viðkomandi ekki keppt á undanförunum 2 árum.
5. Það er á ábyrgð íþróttamannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram. Sé keppandi undir lögaldri þarf samþykki foreldris eða forráðamanns.
6. Keppandi getur aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti á sama keppnistímabili.
7. Ákvæði þessi ná til keppanda 13 ára og eldri.

Samþykkt á Skíðapingi, maí 2005